

STAÐARREGLUR FYRIR FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

1.gr.

Reglur þessar gilda fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt lóð og bílastæðasvæðum.

2.gr.

Almenningi, með lögmætt erindi, er frjáls aðgangur um opin svæði, innritunar- og komusal ásamt biðsvæði, tengigang og veitingaaðstöðu. Skylt er að fylgja fyrirmælum, leiðbeiningum og umferðarskipulagi eins og það er á hverjum tíma, segja til nafns og gera grein fyrir erindum sínum þegar þess er krafist af flugverndarstarfsmönnum Isavia eða lögreglu.

3.gr.

Óheimilt er að aðhafast nokkuð sem veldur hættu, óþægindum eða sýna öðrum áreitni.

4.gr.

Öllum ber að ganga vel um. Þess skal gætt að ganga ekki yfir eða skemma á annan hátt grasfleti, blómabeð og limgerði. Bannað er að slíta upp blóm eða annan gróður.

5.gr.

Óheimilt er að búa sér til svefnstað, til dæmis með dýnu, tjaldi eða öðrum búnaði, í byggingunni og á lóð hennar. Einnig er með öllu óheimilt að elda mat í byggingunni og á lóð hennar. Auk þess er meðferð elds og eldfimra efna óheimil.

6.gr.

Óheimilt er að auglýsa í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nema að undangengnu leyfi Isavia. Einnig er sala á hvers konar varningi og/eða þjónustu utan sölustaða fyrirtækja óheimil, nema að undangengnu leyfi Isavia. Þá þarf leyfi Isavia til að stunda hvers konar aðra atvinnustarfsemi, bæði tímabundna og til lengri tíma.

7.gr.

Dýrahald er óheimilt. Undanþegnir eru löggæsluhundar og þjónustudýr á leið í eða úr flugi.

8.gr.

Reykingar og notkun rafretta er óheimil nema á sérmerktum svæðum.

9.gr.

Óheimilt er að setja saman reiðhjól í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar nema á sérmerktu svæði til samsetningar reiðhjóla (Bikepit)við komustæði P2.

10.gr.


Óheimilt er að hindra aðgang að neyðarútgöngum á nokkurn hátt.

11.gr.

Þeim sem ekki fara eftir þessum reglum má vísa út úr byggingunni eða af lóð hennar.

Keflavíkflugvelli, 26. júlí 2018

Björn Óli Hauksson,
forstjóri Isavia ohf.



Ólafur Helgi Kjartansson
lögreglustjórinn á Suðurnesjum

